

HÖNNUN Í 20 ÁR

ÍSLENSK HÖNNUN Í 20 ÁR Margrét Guðnadóttir stofnaði Kirsuberjatréð í aldargömlu verslunarhúsnæði fyrir 20 árum. Um helgina verður opnuð sýning um sögu hússins og þeirra hönnuða sem staðið hafa að Kirsuberjatrénu.

Í þessu húsi hefur verið starfrækt verslun af einhverju tagi sleitulaust í 125 ár. En við teljum okkur svolítið sér á parti, eða ég veit ekki til þess að nokkurt gallerí sem selur íslenska hönnun eftir rekstraraðila hafi orðið tuttugu ára," segir Margrét Guðnadóttir, einn eigenda Kirsuberjatrésins.

Margrét stofnaði Kirsuberjatréð ásamt Sigrúnu Kristjánsdóttur árið 1993 en Sigrún hafði þá nýlokið hönnunarnámi í Hollandi. Þær stóllur kynntust á námskeiði Margrétar í tágurvinnu og þegar Vesturgata 4, þá rúmlega aldar-gamalt verslunarhúsnæði, stóð þeim til boða hugsuðu þær sig ekki tvisvar um.

„Það voru margir hissa á okkur að leggja í að vera hér, við ættum frekar að vera í Kringlunni eða á Laugaveginum.

En fólk segir það ekki lengur. Nú tala allir um hvað þetta er frábær staðsetning,“ segir Margrét. „Enda hefur gengið vel. Spurninguna hvort við ættum að hætta hefur aldrei borið upp. Smám saman bættust við hönnuðir. Sigrún sneri sér að öðru og dag standa ellefu hönnuðir að Kirsuberjatrénu. Við höfum alltaf lagt áherslu á að vera með fjölbreytta hönnun og skiptumst sjálfar á að standa vaktina við búðarborðið,“ segir Margrét en upprunalega sjóðsvélin er enn í notkun og innréttingarnar eru frá árinu 1913. „Við höfum nánast ekkert hróflað við þeim og hér er gamla búðarborðið



eins og það var. Í upphafi var verslað hér með leður og efni til skógerðar, síðan vefnaðarvöru og svo bættust ritföng við. Björn Kristjánsson, sem stofnaði verslunina hér fyrst, var einnig fyrstur til að versla með peninga í Reykjavík, sem var nýnæmi í bænum þá en fram að því tíðkuðust vöruskipti.“

Í tilefni afmælisins verður opnuð sýning í Kirsuberjatrénu á morgun, bæði um sögu hússins frá upphafi og sögu þeirra hönnuða sem komið hafa að Kirsuberjatrénu þessi tuttugu ár. Þá verður einnig haldin afmælisveisla í búðinni á laugardaginn. heida@365.is

SÝNING UM SÖGU HÚSSINS

Margrét Guðnadóttir opnar ásamt hönnuðum Kirsuberjatrésins sýningu um sögu hússins og sögu hönnuða Kirsuberjatrésins, en þar hefur íslensk hönnun verið seld í tvo áratugi. Búðarkassinn hefur verið í notkun í 125 ár.

MYND/GVA